

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 3. apríl 2018
UST201803-401/R.K.
08.12.00

**Efni: Matskyldufyrirspurn – Breyting á staðsetningu eldissvæði í Patreksfirði.
Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst dags. 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi í samræmi við 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 8. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Stofnunin bendir á að þar sem hnit eldissvæða koma fram í starfsleyfum leyfishafa kallar tilfærslan á að leyfishafar sæki um breytingu á starfsleyfum. Verður sú breyting að vera samhliða breytingum á rekstrarleyfum frá Matvælastofnun þar sem hugað verði að fjarlægðarmörkum vegna nýrra staðsetinga eldissvæða.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að breyta legu tveggja eldissvæða í Patreksfirði, annars vegar Þúfnaeyri, eða Eyri, (Fjarðalax) og hins vegar Kvígindisdal (Arctic Sea Farm) skv. greinagerð Akvaplan niva (2018). Eldissvæðið við Kvígindisdal mun færast í N-V átt og eldissvæðið við Eyri mun færast sunnar inn í fjörðinn skv. mynd 1 í greinagerð breytingar.

Umhverfisáhrif

Við val á eldissvæðum er tekið tillit til eðlislegra þátta (hita-, seltu- og súrefnisstyrk), líffræðilegra þátta (botndýr, botnþörungur og svifþörungur), hagsmunaárekstra við aðra sem nýta fjörðinn og siglingarleiða. Vegna núverandi legu eldiskvía í Patreksfirði hefur hitastig sjávar og straumar á ofangreindum tveimur eldissvæðum ekki verið eins og best verður á kosið. Tilfærsla kvíanna mun auka straumflæði um kvíabyrpingarnar á báðum eldissvæðum þar sem þær verða staðsettar þvert á straumstefnu fjarðarins í auknum mæli

skv. greinagerð. Hefur það jákvæð áhrif á uppsöfnun lífrænna efna, súrefnisstyrk og velferð fisksins.

Einnig kemur fram í greinagerð: „*Ný lega eldisþyrpinga meira þvert á straumstefnu myndi einnig draga úr smítalagi hvort sem væri vegna laxalús, bakteríu eða veirusmits á milli einstakra eldiseininga innan kvíaþyrpingar*“. Þó svo að sjúkdómsvarnir falli undir rekstrarleyfi Matvælastofnunar telur Umhverfisstofnun að aukinn straumhraði sé jákvæður hvað þessa þætti varðar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að eldiskvíar séu staðsettar á svæðum þar sem þær hafa sem minnst áhrif á lífríki fjarðarins. Uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni hafa þar mest áhrif en slíkt eykst við uppsöfnun dauðfisks. Líklegt er að áhrif á botndýralíf og súrefnisstyrk, auk áhrifa á vistkerfi fjarðarins, muni vera minni við aðstæður þar sem eldisfiskur lifir af, straumur er meiri og þar sem uppsöfnun lífrænna efni gætir sem minnst á sjávarbotni.

Mat á umhverfisáhrifum starfseminnar hefur farið fram og í fylgiskjali 1, kafla 2. greinagerðar starfsleyfis segir: „*Í umsögninni benti Umhverfisstofnun á að hámarks- lífmassi eldislax yrði nálægt burðarþolsmati fjarðanna þriðja hvert ár. Í því ljósi væri mikilvægt að sannreyna þyrfti lífrænt álag með vöktun sem endurspeglast í kröfum í vöktunaráætlun og starfsleyfi. Umhverfisstofnun telur að þær kröfur og sú vöktun sem tilgreind er í starfsleyfi og vöktunaráætlun sé fullnægjandi til að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar frá eldinu á annað lífríki fjarðarins. Umhverfisstofnun tekur undir þau atriði sem bent er á er varða losun lífnidurbjótanlegs úrgangs og áhrif þess á nærumhverfið og botndýralíf. Með starfsleyfinu er dregið úr þeim áhrifum á botn fjarðarins með hvíld svæði milli kynslóða, að lágmarki 6 mánuði. Með þeim hætti nær botninn að jafna sig á milli eldislota og gerðar eru mælingar til að meta ástandið*“. Umhverfisstofnun telur að fyrirbyggjandi breyting breyti ekki afstöðu stofnunarinnar hvað varðar lífrænt álag vegna eldis sem tekið var fyrir í fyrra mati og er innan verksviðs Umhverfisstofnunar. Þar sem kröfur um vöktun í starfsleyfum leyfishafa haldast óbreyttar, auk þess sem ekki er um að ræða aukningu í eldi heldur tilfærslu kvía á svæði með sterkari straum, er það mat Umhverfisstofnunar að fyrirbyggjandi breyting sé ekki líkleg til að auka lífrænt álag í firðinum, heldur sé fremur til þess fallin að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun hefur mótttekið og farið yfir erindi um núverandi og fyrirhugaðrar staðsetningar kvíaþyrpinga leyfishafa eins og þeim er lýst í greinagerð. Með vísan til ofangreindra atriða, eðli breytinga og núverandi starfsemi á svæðinu (m.t.t. umhverfisáhrifa fiskadauða eldisfisks), telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif umfram núverandi starfsemi.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Steinar Rafn B. Baldursson
Sérfræðingur